

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Dalasýslu og A-Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 11. apríl 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Dalasýslu og A-Barðastrandarsýslu, í Dalabyggð og Reykhólahreppi, frá 4. janúar 1996.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Brekka og Gufudalur, Reykhólahreppi: Gert er ráð fyrir 22 ha svæði fyrir frístunda- byggð í landi Gufudals (5-7 lóðir) í stað landbúnaðarsvæðis og 20 ha svæði fyrir frístunda- byggð í landi Brekku í stað opins óbyggðs svæðis.
2. Strandalavegur, Reykhólahreppi: Gert er ráð fyrir að framtíðarlega þjóðvegur um Tröllatunguheiði færist vestar um Arnkötuldal og Gautsdal.
3. Skarð, Dalabyggð: Gert er ráð fyrir 5 ha svæði fyrir frístunda- byggð (5 lóðir) í stað opins óbyggðs svæðis.
4. Kjarlaksstaðir, Dalabyggð: Gert er ráð fyrir um 18 ha svæði fyrir frístunda- byggð (12 lóðir) í stað almenns útivistarsvæðis.
5. Skerðingsstaðir, Dalabyggð: Gert er ráð fyrir um 15 ha svæði fyrir frístunda- byggð (15 lóðir) í stað landbúnaðarsvæðis.
6. Snóksdalur 1 og 2, Dalabyggð: Gert er ráð fyrir um 20 ha svæði fyrir frístunda- byggð (12 lóðir) í stað landbúnaðarsvæðis og skóg- og trjáræktarsvæðis í landi Snóksdals 1 og 10 ha svæðis fyrir frístunda- byggð (5 lóðir) í stað landbúnaðarsvæðis og skóg- og trjáræktarsvæðis í landi Snóksdals 2.
7. Sauðafell og Svínhóll, Dalabyggð: Gert er ráð fyrir 10 ha svæði fyrir frístunda- byggð annars vegar í landi Sauðafells og hins vegar í landi Svínhóls í stað landbúnaðar- svæðis, fyrir allt að 10 frístunda- lóðir á hvoru svæði (samtals 20 ha og 20 lóðir).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarfélaga Dalabyggðar, Saurbæjarhrepps, Reykhólahrepps og samvinnunefndar svæðisskipulags Dalasýslu og A-Barðastrandarsýslu. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. apríl 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.